

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignasköttum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúð, íbúðarhúsnæði	kr. 45.000
Sumarhús og hús þar sem ekki er um fasta búsetu (lögheimili) að ræða greiða sorpeyðingargjald	kr. 27.000

#### 3. gr.

Á árinu 2016 verður lagt á sérstakt einsskiptis sorptunnugjald á hvert heimili	kr. 17.000
--	------------

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 11. nóvember og 15. desember 2015.

#### 5. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2016. Gjaldskrá nr. 1177/2014 fellur úr gildi frá sama tíma.

*Mývatnssveit, 17. desember 2015.*

**Jón Óskar Pétursson** sveitarstjóri.